

# Samkomulag

## um kjarasamningsumboð

Hafnarfjarðarbær

Sveitarfélag / stofnun

590169-7579

Kennitala

felur hér með Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamnings- gerðar fyrir sína hönd við eftirtalin stéttarfélög. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins staðfestir umboðsveitingu með ritun upphafsstafa sinna aftan við hvert stéttarfélag.

Kjarasamningsumboðin taka gildi frá undirskriftardegi.

Nafn stéttarfélags:

Verkstjórasamband Íslands

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Upphafsstafir framkv.stj.

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að hlíta markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem stjórn sambandsins gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum. Eru breytingar, viðbætur og frávík, s.s. kerfisbundnar yfirborganir sem byggja á launategundum kjarasamnings á gildistíma hans, óheimilar án samþykkis stjórnar sambandsins.

Kjarasvið sambandsins munu á grundvelli þessa umboðs sem sveitarfélagið hefur veitt annast allar kjarasamningsviðræður við viðkomandi stéttarfélög, ganga frá kjarasamningi, annast útgáfu hans í samráði við viðkomandi félag, vinna að framkvæmd einstakra þátta á samningstímanum eins og við á og túlka og aðstoða sveitarfélagið að öðru leyti við framkvæmd viðkomandi kjarasamnings.

Ef sveitarfélagið rýfur að mati sambandsins þá skuldbindingu sem hér að framan greinir gagnvart einhverjum þeim kjarasamningi sem veitt hefur verið umboð til að semja um fyrir sveitarfélagið mun sambandið, án bóta eða endurgreiðslu á kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í rekstrarkostnaði sambandsins vegna gerðar viðkomandi

kjarasamninga, skila öllum kjarasamningsumboðum sem sveitarfélagið hefur veitt henni og hætta þjónustu við það á sviði kjaramála. Þannig munu öll ákvæði sem lúta að hlutverki sambandsins í viðkomandi kjarasamningum falla niður gagnvart viðkomandi sveitarfélagi og verður þá sveitarfélagið ábyrgt fyrir viðkomandi þáttum við framkvæmd kjarasamninga án afskipta sambandsins.

Umboð þetta er fullnaðarumboð og eftir að það hefur verið gefið er sveitarfélaginu ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningsgerð sem umboðið nær til, án milligöngu sambandsins.

Fyrir hönd sveitarfélagsins \_\_\_\_\_  
samþykkir undirritaður framangreind umboð og skilmála á grundvelli samþykktar  
sveitarstjórnar frá: \_\_\_\_\_ (dags.) samkvæmt markmiðum og  
stefnu sambandsins í kjaramálum.

\_\_\_\_\_  
Staður

\_\_\_\_\_  
Dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirritun

Samkomulag þetta var samþykkt á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
\_\_\_\_\_ (dags.) og staðfestist hér með af hálfu stjórnarinnar með  
undirskrift formanns hennar.

\_\_\_\_\_  
Staður

\_\_\_\_\_  
Dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirritun